

Sp.

351. Tillaga til þingsályktunar

[147. mál]

um vernd á lífi og eignum Íslendinga gegn ágangi Breta.

Frá Einari Olgeirssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að herða á löggæzlu og vernd á lífi og eignum Íslendinga þeirra, er sjó stunda úti fyrir Vestfjörðum, til þess að reyna að hindra, að brezkir togarar grandu lífi og eignum þessara íslensku fiskimanna.

Greinargerð.

Undanfarið hafa verið mikil brögð að því, að brezkir togarar hafi sýnt fantaskap í framferði sínu gagnvart íslenskum fiskimönnum úti fyrir Vestfjörðum. Kveður svo rammt að þessu, að tveir Íslendingar hafa þegar látið lífið af þessum sökum, þegar brezkur togari sigldi bátinn „Súgfirðing“ í kaf.

Þetta framferði er fjarri því að vera venja brezkra togaraskipstjóra eða annarra sjómanna. Regla sjómanna er bræðralag og hjálpsemi á höfum úti. Er auðséð, að hér er um framferði að ræða, sem er skipulagt frá ákveðnum aðilum í Bretlandi.

Brezka togaraauðvaldið hefur undanfarið verið að grípa til örþrifaráða gagnvart oss Íslendingum, eftir að það hefur beðið algerlegan ósigur í löndunarbannsmálinu. Brezkir togaraeigendur ætluðu að brjóta sjálfstæðisbaráttu vora í landhelgismálunum á bak aftur með löndunarbanninu. En vopnin hafa snúizt svo í hendi þessa brezka auðvalds, að löndunarbannið hefur orðið oss til blessunar, en ekki hölvunar, af því að þjóð vor hefur náð góðum viðskiptasamningum við Sovétríkin og önnur ríki, sem reynzt hafa oss vinsamleg, þar sem afstaða hins volduga brezka auðvalds til vor Íslendinga hins vegar mótast nú meir og meir af fjandskap.

Hinum ríka brezka auðhring, er að baki togaraeigenda stendur, mun þykja hart að verða að láta í minni pokann fyrir oss Íslendingum og hafa ekki einu sinni von um, að Íslendingar hætti við frekari stækkanir landhelginnar né láti erlenda dóma dæma um aðgerðir sínar hingað til.

Þess vegna hafa brezkir togaraeigendur nú skipulagt fjandsamlegar aðgerðir gagnvart Íslendingum, annars vegar níð og róg um Íslendinga í brezkum blöðum, og það gera þeir opinberlega, en hins vegar virðast þeir á laun leggja fyrir skipstjórnendur að beita slíkum aðferðum við varnarlausu íslenska báta, að frekar hæfa sjóræningjum en heiðarlegum sjómönnum. Er það að vísu ekki í fyrsta skipti í sögunni, sem brezkir auðmenn láta skip sín stunda mannvíg og árásir á höfum úti. En óþarfi er fyrir Íslendinga að þola slíkan ágang, sízt af öllu af þjóð, sem kallað er að sé í bandalagi við Íslendinga um „samstarf í efnahagsmálum“ og um „varnir gegn árásum.“

Alþingi Íslendinga ber að láta brezk yfirvöld vita það af fullri alvöru, að Íslendingar munu ekki sætta sig við yfiringang brezkra árásarseggja, og leggur því fyrir ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að mæta slíkum yfiringangi. Brezku auðvaldi kann að takast um stund að samræma morð sín á þeldökkum bændum Kenyalands og níðherferð um þá og sjálfstæðismál þeirra, en Alþingi Íslendinga þarf að láta heiminn vita, að hér á Íslandi sé tafarlaust brugðið við, þegar brezkt auðvald ætlar að byrja að beita íslensku fiskimenn fantabrogðum, jafnhliða sem það rægir þá þjóð, sem bjargað hefur lífi hundraða brezkra sjómanna.